

26. fundargerð stýrihóps um byggingu nýs íþróttahúss

30. janúar 2025 – kl. 8:15 í Ráðhúsi Hornafjarðar

Mætt: Björgvin Óskar Sigurjónsson, Björgvin Erlendsson og Eyrún Fríða Árnadóttir. Gestir fundarins eru stjórn knattspyrnudeildar umf. Sindra og framkvæmdastjóri félagsins. Margrét Kristinsdóttir, Matthildur Ásmundardóttir og Sandra Sigmundsdóttir.

Fundargerð ritaði: Þórgunnur Torfadóttir

Dagskrá

1. Erindi knattspyrnudeildar umf. Sindra frá 13. janúar sl.

Í erindinu knattspyrnudeildarinnar kemur fram að "samkvæmt fundargerðum hefur nú verið tekin ákvörðun um að byggja nýtt íþróttahús á æfingavöllum sem knattspyrnudeildin hefur haft til afnota undanfarin ár. Það þrengir verulega að starfsemi knattspyrnunnar. Stjórnin veltir því fyrir sér hver tímaramminn er og hvernig verði leyst úr æfingaaðstöðu deildarinnar? Þörf fyrir nýtt gervigras á Sindravöllum er brýn líkt og áður hefur komið fram og þörfin eykst enn frekar þegar æfingavellirnir fara undir nýtt íþróttahús. Er gervigras á Sindravelli hluti af þessari framkvæmdaáætlun?"

Á fundinum kom fram að stýrihópurinn stefnir að því að setja gervigras á knattspyrnuvöllinn samhliða framkvæmdum við íþróttahús. Gert er ráð fyrir í byggingu íþróttahúss að ný stúka verði hluti af húsinu, sem og búningsaðstaða, salerni og geymslur verði fyrir Báruna. Þó á enn eftir að fara yfir áfangaskiptingu framkvæmdarinnar. Stjórn knattspyrnudeildar er jákvæð fyrir því að hliðra til í stuttan tíma ef ljóst er að það bíður þeirra betri aðstaða en það er mikilvægt að huga vel að tímalínu framkvæmda og láta hana passa sem best við starfsemi deildarinnar. Knattspyrnudeildin er eina deildin sem hefur bæði meistaraflokk karla og kvenna og mikilvægt að taka tillit til þess og að hluti af þeim hópi sem æfir knattspyrnu með meistaraflokk er ungur og viðkvæmur fyrir brottfalli. Einnig er deildin sú eina sem verður fyrir raski á aðstöðu á meðan unnið er að nýju íþróttahúsi. Fram kom að inn í Mánagarði er ekki nægilegur fjöldi búningsklefa og semja þyrfti við KSÍ um undanþágu á meðan á framkvæmdum stendur, ef komi til þess að nýta þurfi Mánavöll sem keppnisvöll.

Stýrihópurinn mun hafa samband við stjórn knattspyrnudeildarinnar um leið og drög að framkvæmda og tímaáætlun liggja fyrir, svo að vinna megi þær í sem mestu samráði og sátt við deildina. Mikilvægt er að allir aðilar starfi saman að því að gera framkvæmdatímann sem þægilegastan og að rask á starfsemi megi vera sem allra minnst.

Þá vill stjórn knattspyrnudeildarinnar ítreka að nýr gervigrasvöllur myndi nýtast fleirum en eingöngu deildinni, t.d. grunnskólanum. Einnig er rætt um mögulega þörf á upphitun undir gervigrasinu. Slíkt gæti aukið notkunarmöguleika vallarins en kostnaðartölur frá öðrum sveitarfélögum gefa til kynna að um kostnaðarsaman rekstur sé að ræða. Engin ákvörðun verður því tekin í því máli fyrr en kostnaðartölur hafa verið reiknaðar út.

2. Næsti fundur stýrihóps ákveðinn fimmtudaginn 6. febrúar kl. 8:15.